

Rannsóknir í Álftá 1996

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, mars 1997 VMST-V/97002X

1. Inngangur.

Í þessari skýrslu greinir frá rannsókn á fiskstofnum Álfár á Mýrum sem fram fór í september 1997 að beiðni Vf. Álfár. Markmið rannsóknanna var einkum að kanna ástand laxaseiða á vatnasvæðinu með tilliti til útbreiðslu, seiðamagns og styrkleika einstakra árganga. Sambærilegar rannsóknir fóru fram árin 1986 - 1988 (Sigurður Már Einarsson 1987, 1988, 1989). Helstu niðurstöður fyrri rannsókna voru þær að lax er einkennandi fisktegund í vatnakerfinu, en ennfremur er urriði nokkuð öflugur. Á þessu árabili kom í ljós að uppeldis- og hrygningarsvæði virtust mjög vel nýtt af laxi þar sem skilyrði voru fyrir hendi. Áin reyndist frjósöm og framleiðir sjógönguseiði á 3 - 4 árum. Litlar sveiflur komu fram í seiðaframleiðslu og afkomu laxfiska.

2. Aðferðir.

Seiðarannsóknir fóru fram á 7 stöðum á vatnasvæðinu (1. mynd) og var miðað við að athuga staði sem áður hafa verið veiddir til að bera saman við fyrri rannsóknir. Á hverjum veiðistað var veitt ákveðið flatarmál árbotns. Öll seiði sem veiddust voru greind til tegunda, lengdarmæld og jafnframt voru sýni til aldursgreininga tekin af hluta aflans (kvarnir, hreistur). Farin var ein veiðiumferð á hverju svæði og í úrvinnslu var þéttleiki umreiknaður á 100 m² botnflatarmál. Í einni veiðiumferð veiðast að jafnaði 30 -50% fiskseiða. Heildarstofnstærð var því ekki reiknuð, en slíkt krefst mun tímafrekari rannsókna.

3. Stangveiði.

Árin 1974 - 1995 hefur laxveiði á stöng í Álfá verið að meðaltali 299 laxar (Guðni Guðbergsson 1996). Athygli vekur hversu laxveiðin er stöðug í vatnakerfinu (2. mynd). Á þessu árabili hefur stangveiðin minnst orðið 154 laxar árið 1974, en farið hæst í 485 laxa árið 1983. Stöðugleiki einkennir þannig veiðina og er sveiflan um þreföld milli hámarks og lágmarks veiði í ánni. Smálax sem hefur eins árs sjávardvöl að baki er uppistaða veiðinnar eins og annars staðar á Vesturlandi. Árin 1987 - 1995 var smálax að jafnaði 81 % veiðinnar úr hverjum gönguseiðaárgangi (3. mynd) og sveiflaðist hlutfallið frá 70 - 90 % á þessu árabili. Frá árinu 1987 sýna veiðiskýrslur að sjóbirtingur virðist vaxandi á vatnasvæðinu og hefur sýnt stöðuga aukningu í veiði frá 1987 (4. mynd). Vart verður við bleikju en í mjög litlum mæli.

4. Niðurstöður og umræður.

Laxaseiði reyndust einkennandi fisktegund á vatnasvæðinu (Tafla 1) og reyndist fjöldi þeirra um 88% af heildarfjölda fiskseiða. Urriðaseiði voru tæplega 12% af heildarfjölda seiða og fundist á öllum veiðistöðum nema við Brúarland. Aðeins varð vart við bleikju á einum stað, efst í Álftá. Þessar niðurstöður eru mjög svipaðar og komu fram við fyrri rannsóknir.

Magn laxaseiða á flatareiningu reyndist mest í Litlalæk (tafla 1) en enn fremur var mjög mikið af seiðum við Brúarland og neðan við Verpi. Minnst fannst af seiðum efst í Álftá. Klakið 1996 (hrygning 1995) fannst á öllum veiðistöðum nema við Álftárbæ (tafla 1) og var víða í miklu magni. Klakið reyndist að meðaltali mun meira en árin 1986 - 1988 (Sigurður Már Einarsson 1987, 1988, 1989). Seiði á öðru ári (hrygning 1994) reyndust einnig vera í miklu magni og var fjöldi þeirra almennt meiri en árin 1986 - 1988. Fjöldi seiða á þriðja og fjórða ári (hrygning 1991 og 1992) reyndist hins vegar fremur lítill og mældist þéttleiki þeirra að jafnaði minni en árin 1986 - 1988. Almennt séð benda þessar niðurstöður til að afkoma laxaseiða er almennt í góðu horfi, sérstaklega hvað varðar yngstu seiðin, en fjöldi eldri seiða er hins vegar minni en komið hefur fram við fyrri rannsóknir.

Vöxtur laxaseiða (tafla 2) fór batnandi er neðar dró í vatnakerfinu, sem er í samræmi við fyrri niðurstöður. Álftáin hlýnar er neðar dregur og vaxtarskilyrðin batna af þeim sökum. Vöxtur einstakra aldurshópa reyndist betri en árin 1986 - 1988, enda var tíðarfar sumarið 1996 mjög gott sem skilar sér þannig í vexti.

Almennt séð benda niðurstöður til lítilla breytinga á seiðaframleiðslu miðað við fyrri rannsóknir. Stöðugleiki einkennir vatnakerfið eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt. Sveiflur í stofnum laxins verða ætíð fyrir hendi og ástæður þess eru margþættar (Þórólfur Antonsson 1996). Meginþættirnir eru einkum tveir. Í fyrsta lagi mismunandi seiðaframleiðsla vatnakerfa á milli ára og síðan mismunandi afkoma laxins í sjó. Rannsóknir benda nú til að sjávardvöl laxins og afföll í hafi mun meiri áhrif á stofnstærð en seiðaframleiðslan í ánum sem skiptir þó vissulega miklu máli.

Athygli vekur að veiði á urriða (sjóbirting) virðist stöðugt aukast í Álfhá. Ástæður þessa eru óljósar. Hugsanlega er skráning á urriðaveiði að batna, en einnig gæti stofninn verið að stækka. Rafveiðar á uppeldisstöðum benda þó ekki til aukningar á þéttleika urriðaseiða, en þó ber þess að geta að seiðarannsóknir hefur einkum verið beint að búsvæðum fyrir laxinn og ekki verið sérstaklega leitað að uppeldissvæðum fyrir urriðann.

Ekki virðist sérstök ástæða til fiskræktar í vatnakerfinu. Uppeldis- og hrygningarsvæði eru sem fyrr mjög vel nýtt af laxinum og stöðugleiki einkennir seiðaframleiðsluna. Ræktunarmöguleikar eru fremur litlir á svæðinu og nær eina aðferðin til að efla laxgengd felst í sleppingum sjógönguseiða. Sú aðferð hefur reynst skila afar misjöfnum árangri og niðurstöður rannsókna benda ekki sérstaklega til þess að þörf sé á slíkum sleppingum sem stendur.

5. Heimildaskrá.

Guðni Gubergsson 1996. Lax - og silungsveiðin 1995. Skýrsla. VMST-R/96004. 20 bls.

Sigurður Már Einarsson 1987. Álfhá á Mýrum 1986. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-V/87004. 10 bls.

Sigurður Már Einarsson 1988. Rannsóknir á vatnasvæði Álfhá á Mýrum 1987. Skýrsla. VMST-V/88016X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1989. Vatnakerfi Álfhá. Fiskirannsóknir 1988. Skýrsla VMST-V/89003X. 6 bls.

Þórólfur Antonsson 1997. Stofnsveiflur og veiðispár. Freyr 92. árg nr. 11 1996. 451-457.


Tafla 1. Þéttleiki laxfiskaseiða (Fj í einni umferð/100 m²) eftir veiðistöðum í Álftá á Mýrum 12. september 1997.

Veiðistaður	Fjöldi í einni umferð á 100 m ²							
	Lax						Bleikja	Urriði
	0+	1+	2+	3+	4+	Samt.	Samt.	Samt.
Veita n. stíflu (1)	10,7	4,7	0,7	-	-	16,1	-	1,7
Álftárbær (2)	-	-	-	0,4	0,4	0,8	1,6	5,2
Neðan ármóta (3)	3,8	12,1	2,6	5,0	0,3	23,8	-	1,8
Brúarland (4)	45,3	16,8	4,7	0,8	-	67,6	-	-
Verpi (5)	17,8	33,9	3,9	2,2	-	57,8	-	0,6
Við Litlilæk (6)	11,4	0,5	0,5	-	-	12,4	-	3,6
Litlilækur (7)	90,0	96,7	3,3	3,3	-	193,3	-	36,7
Meðaltal	25,6	23,5	2,2	1,7	0,1	53,1	0,2	7,1


Tafla 2. Meðallengd (sm) laxaeiða eftir aldurshópum á veiðistöðum í Álftá á Mýrum 12. september 1996.

Stöð	0+			1+			2+			3+		
	MI	Sd	n	MI	Sd	n	MI	Sd	n	MI	Sd	n
1	3,7	0,35	32	5,8	0,43	14	8,0	0,57	2			
2										9,5		1
3	4,4	0,34	13	6,3	0,60	41	8,4	0,19	7	9,9	0,56	17
4	4,4	0,55	116	6,6	0,51	43	9,2	0,80	12	11,1	0,49	2
5	3,9	0,21	32	6,3	0,68	61	8,0	0,32	7	8,9	0,18	4
6	4,5	0,52	25	6,8		1	8,1	0	1			
7	5,0	0,42	27	7,7	1,04	29	10,3		1	11,4		1


1. mynd. Vatnasvæði Álfár. Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum.



2. mynd. Laxveiði á stöng í Álfhá 1974 - 1995.



3. mynd. Skipting laxveiði í smálax og stórlax eftir gönguseiðaárgöngum 1986 - 1993.



4. mynd. Stangveiði á urriða 1987 - 1995 í Álfhá.

